

Pjónn gula mannsins.

Saga eftir
W. W. JACOBS

allastaðar þar sem honum datt í hug að nokkur óvinur gæti leynst. Svo lokaði hann hurðinni, opnaði gluggann og hlustaði. Ekkert hljóð heyrðist neðan af götunni. Hann lét gluggann aftur, fór úr treyjunni og dró öll þyngstu húsgögnin fyrir hurðina. Þegar hann var búinn að því, fannst honum sem hann væri búinn að reisa sér öruggt vígi. Hann settist á rúmstokkinn og fór að hálta; hann dró ögn niður í lampanum, hlóð skammbýssuna aftur og lagði hana á borðið við hliðina á lampanum. Um leið og hann lyfti upp rúmfötunum til þess að komast undir þau, sýndist honum eitthvað hreyft undir þeim; það hröklaðist út úr rúminu hlínu megin og datt ofan á gólfid.

Hann sat grafskyrt og horfði til þess að reyna að sjá hvað það væri. Hann hafði rétt að eins komið auga á það, en hann var viss um að það væri einhver lifandi skepna. Hann hugsaði með sér, að það gæti verið rott. Hann stóð upp, tók lampann og lýsti vandlega með honum um gólfid og undir rúmið. Þegar hann lyfti upp ábreiðunni til að skoða undir rúmið, rak hann hendina nærri því beint framan í djöful gula mannsins og stökk upp í dauðans ofboði.

Lampinn í hendinni á honum rak á borðhornið og fór í þúsund mola. Ólían rann um gólfid og hann stóð þar á sokkaleistunum innan um glerbotin. Hann tók stökk undir sig, komast upp í rúmið og þar húkti hann skjálfaði af ótta.

Hann reyndi að muna hvar hann hafði látið eldspiturnar og mundi að nokkrar áttu að vera í glugganum. Það var svo dimt í herberginu, að hann sá ekki fótagalinn á rúminu. Þarna var hann innlokaður í niðamykrir hjá eiturslöngu, sem gullmaðurinn hafði skilið eftir í rúminu hans til að hefna sín á honum.

Hann lá grafskyrt og hlustaði. Honum heyrðist einu sinni snákurinn skriða eftir gólfdukinum. Hann fór að hugsa um, hvort hann mundi reyna að skrifa upp í rúmið til sín. Svo stóð hann upp og reyndi að ná í skammbýssuna, en borðið var svo langt frá að hann gat ekki seilt eftir henni. Það brakaði í rúminu undan þunga hans, og hann heyrði hvæðis í snáknum á gólfinu, þegar hann hreyfði sig; hann settist niður aftur og þorði varla að draga andann.

Það var kalt í herberginu. Hann dró rúmfötin saman í eina bendu og vafði þeim utan um sig þangað til ekkert stóð út úr nema höfuðið og hendurnar. Honum fannst hættan verða minni við þetta, þangað til alt í einu að honum flaug í hug að snákurinn gæti verið innan í rúmfötunum. Hann reyndi að berjast á móti hugsinum og að þvinga sjálfan sig til að vera rólegur. Svo datt honum í hug að tveir snákar hefðu ef til vill verið látnir í rúmið. Þessi hugsin gerði hann svo hræddan, að honum fannst eitthvað hreyfast innan í rúmfötunum.

Hann smokkaði sér með hægð innan úr fótunum, vafði þeim saman og henti þeim yfir í hinn endann á herberginu. Svo skræld hann á fjórum fótum um rúmið og þreifði fyrir sér; það var ekkert í rúminu.

Hræðslan var svo algerlega búin að fá yfirhönd yfir honum, að hann vissi ekkert hvað tímum leið. Hvað eftir annað fannst honum snákurinn vera kominn upp í rúmið til sín, óvissan var alveg óþolandi. Hann hugsaði sér að gá í eldspiturnar hvað sem það kostaði, og steig varlega á gólfid; en ekki var hann fyr búinn að setja fótinn á gólfid en hugrekkið brast og hann stökk aftur upp í rúmið.

Hann reyndi ekki aftur að ná í eldspiturnar, heldur sat kyr og beið þess sem verða vildi með þrárrí örvæntingu. Hann gat ekki hugsað; honum heyrðist hann heyra fótatak um allt húsið. Hann langaði til að ná í einhverna mann og berjast við hann upp á líf og dauða. Hann sat kyr og hlustaði. Rotturnar þrúkuðu í veggjunum og honum fannst storkandi raddir kalla til sín neðan úr stigunum. Honum fannst myrkríð í herberginu og snákurinn á gólfinu verða að yfirnáttúrlægum öflum, sem legðust á sig til þess að kremja sig og merja. Svo fór lokins að birta. Hann sá móta fyrir glugganum, en hann var of lamaður til þess að geta gert sér grein fyrir hvað feginn hann varð því. Smám saman fór hann að sjá hlutina í herberginu, nóttin var lifð og hann var enn á lífi.

Hann stóð upp og teygði úr sér, þandi út brjóstid og krepti hnefana; honum fannst hann vera svo sterkur að hann gæti boðið öllum byrginn. Það var ekkert í rúminu nema hann sjálfur. Hann beygði sig niður til þess að leita að óvini sínum á gólfinu og beitt um leið á jaxlunn út af tilhugsininni um það hvernig hann mundi tæta snákinn í sundur, þegar hann næði honum. Það var orðið nógu bjart, en fyrst ætlaði hann að láta á sig skóna.

Hann beygði sig niður og tók upp annan skóginn, en áður en hann vissi af hafði eitthvað sprottið upp úr honum með eldingar hraða og vafið sig utan um handlegginn á honum.

Gyðingurinn stóð eins og hann væri steinrunninn af hræðslu; augun ætluðu út úr höfðinu á honum. Hann beið og þorði ekki að hreyfa sig. Snákurinn smá línaði á takinu og fór að smá mjaka sér upp eftir handleggnum innan undir skyrtunni. Hausinn fæðist þvert yfir brjóstid á honum. Með skerandi örvæntingarópi þreif hann með báðum höndum um snákinn og reyndi að rífa hann í burtu af brjóstinu á sér. Eitt augnablik hafði hann von um að sér mundi takast það; en svo losaði snákurinn hausinn úr greipum hans og hjó eiturtönninni í hálsinn á honum.

Maðurinn slepti tókum og snákurinn datt niður við fætur hans. Hann beygði sig niður og tók hann upp og kærði sig ekkert um, þó hann stynji sig aftur í hendina. Svo barði hann honum við rúmgalinn, eins og hann væri ódur, fleygði honum á gólfid og tróð á hausnum á honum þangað til hann var orðinn að mauki.

Eftir nokkra stund hann af honum mesta æðid og hann fór að reyna að hugsa, en það var rétt eins og alt snerist í hring í heila hans. Hann hafði heyrð getið um það, að það væri gott að sjúga höggormsbit til þess að ná út eitrunu, en hann hló kuldaðlátur að þeirri hugmynd, þegar hann mintist þess í sama vettangi, að önnur stungan væri á hálsinum á honum. Hann hafði líka heyrð þess getið að dauða hefði verið varnað með því að drekka mikið af áfengi. Hann hugsaði sér að hann skyldi gera það fyrst og svo ná í læknishjálp.

Hann hljóp að dyrunum og fór að draga húsgögnin frá hurðinni. Skammbýssan datt á gólfid. Hann horfði á hana ofurlitla stund, tók hana svo upp og fór að handleika hana, eins og hann væri utan við sig. Hugsunin var farin að skýrast ögn; en einhver máttleysiskend tilfinning var að færastr yfir hann.

"Hundrað og fimtíu þúsund dollarar!" sagði hann og studdi köldu skammbýssuhlaupinu á kinnina.

Svo stakk hann því upp í sig, hleypti af og féll dauður niður á gólfid.

Endri.

Pólskt Blóð.

ÞÝZK-PÓLSK SAGA

Þýdd fyrir Heimskringlu af

GESTI PALSSYNI

Það var komið fram í nóvembermánuð og stormur mikill á.

Hann þá af fram á snjóhvítum vængjum yfir hið flata, eyðilega, dauðakyrra Austur-Prússland, milu eftir milu, yfir heiðar og óbygðar flatneskjur, yfir dimma skóga, akra og engi og smeygði sér eins og kólfi væri skotið gegn um sefið við vötnin og tjarnirnar. Hann hristi krónur trjáanna og beygði límið niður að jörðu; hann ytti reynunum á bökkunum út í froðugul vötnin. Eins og drynjandi frelsis og uppreistarsöngur hljómaði hann hvelt í heimans eyrum, eins og fagnaðaröf fyrir utan landamæri Póllands.

Alt í kring lá héraðið eins og í dauðasvefni. Bárurnar þutu yfir vatnið, hækkðu sig og lækkuðu á víxl, eins og stynjandi mannsbrjóst, og yfir vatnið og snjóflákana endalausar rauk vindurinn eins og örskot drundi og — dó í fjarska.

Stormurinn hristi á sér vængina, svo að snjóflókararnir dattu niður yfir sléttunum. Þeir urðu æ þéttari og þéttari og snjórin varð æ dýpri, svo hann skyldi ásjónu hinnar sofandi jarðar undir fannhvítri líkblæju. Svo flaug hann áfram og lamdi til jarðar alt, sem varð á vegi hans. Hann er drottinn og meistarinn. Hver skyldi þora að stöðva ferð hans? Kannske hallar-turnarnir þarna? Með drembipjóstisu þeir upp í loftið eins og þeir væru til með að skora snjóskýjunum á hölm og gera gabb að storminum.

"Komdu bara í eina röndótta og reyndu til að varpa okkur til jarðar. Við erum reistir á fótum grundvelli og höfum staðið svoða öld eftir öld og gert gis að þér og þínum líkum. Og vita skaltu það, að margir af forfedrum þínum og félögum hafa brotið af sér hornin hérna á okkur, hallarturnunum í Proca! Veistu ekki, að það er hin eldgamla bjargfasti höll, sem geymir hinar göfugustu greifaættir og ber gyltan skjöld nennar vegna? Komdu bara, ef þú þorir. Við hégna erum turnarnir Proczna, sem enginn fær felt að eilífu."

Snjórin, þaut um rúðurnar og myrkríð varð meira og meira.

Rauðleit ljósskýma gægist út um gluggann á neðsta lofti hallarinnar og þjónskugga mátti sjá að utan.

Stór hundur þaut eins og kólfi væri skotið um hallargarðinn. Það var eina lífsmarkið með höllinni.

Þögl og alvarleg lá hin stóra höll í myrkrinu, þögl eins og dauðinn og alvarleg eins og nóttin.

Þjónninn hafði sett lampann á borðið og svo fór hann burtu.

Ljósskýma bar yfir herbergið. Þar voru dýrindis-myndir í feikna stórum rómum. Og frá gömlum, eldgömlum tímum, báru þessar myndir kveðju til nútímans, fullar af elli og fullar af frægð, fullar af sorg og fullar af gleði, og þó bar sorgin alt af gleðina ofur, eins á myndunum í Proczna-höllinn of annars staðar í lifinu.

Þær eru alt af hnýppast á, sorgin og gleðin, og þó hefir sorgin alt af yfirhöndina.

Fyrir framan opnar bækur og blöð sat ríkisgreifinn Gustaf Adolf von Dynar. Hann las ei, greifinn, en lagði bara höfuðið vaxbleikt og fint á hvítu, litlu höndina sína.

Þótt hann væri maður á bezta aldri, var hann orðinn grár fyrir hærum. Andlitid var magurt og bleikt og allur líkamaburðurinn var þrátt fyrir hæðina ofur elli og veikulegur. En ekki var því að leyna, að andlitid og líkamaburðurinn bar vott um óvanalega fegurð. Hinn fölu drættir í andlitinu báru vott um ósejanlega sorg, sem hafði lagt sína djúpu drætti og djúpu skugga kring um augun. Alt hans viðlit bar ótvíræðan vott um þreytu og óumræðilega sorg.

Óhræranlegur eins og myndastytta situr hann þarna í stólmum sínum og eldurinn sprikar í stóra borðsalnum og eikarkubbarnir bresta í mola og senda nelli svo að ekkert verður úr nema nestafflug. Stormurinn hvín á skotsteininum og um gluggana, en úrið slær einmanalegt slag eftir slag á skrifborðinu. Þá heyrir alt í einu kveindin barnsraust við hliðina. Gráturinn verður alt af beiskari og beiskari og hljómar æ hærra. — Dynar greifi sprettur upp og um kinnar hans fer heitur roði, en andardrátt sinn stillir hann svo sem verða má. Konurödd syngur og grætur um leið og alt blandast samaa við kveinyrði barnsins.

Ríkisgreifinn stynur og slær höndunum samaan fyrir andlitinu.

"Drottinn minn," segir hann, "hefirðu þá alveg yfirgefið mig í eynd minni?"

Síðan stekkur hann upp og hringir óþolinmóðlega.

"Hvithæður, fötur þjónn flýtti sér inn til hans og beygir höfuð sitt fyrir honum.

"Er hann Hans ekki kominn aftur enn þá?" segir greifinn.

"Ekki enn þá, náðugi greifi. Eg er hræddur um, að hann komi öldungis ekki í svona óveðri."

Dynar greifi hafði á yngri árum sínum oft og tíðum sýnt ljós merki þess, hve vel hann kunni að stilla skap sitt, þegar hann var í sendiherra-stöðu, en nú skelfur hann eins og hrísla í skógi við þessa frétt.

"Hvað á nú að gera?" segir hann með mestu örvæntingu og kastar augunum til dyrranna að herberginu, þar sem barnsgráturinn hafði heyrst inni fyrir.

"Greifinnan litla hefir vaknað aftur, hefi eg heyrð," sagði þjónninn gráherði í lágun róm, "en með guðs hjálp vonast eg þó eftir, að konu minni takist að hugga hana," og með dygðar-djarfleik þeim, sem oft er einkennilegur fyrir gamla þjóna, leit hann einlægum hollustu-augum á húsbónda sinn og bætti við í lágun hljóðum: "Örvæntid ekki, náðugi herra greifi, það er hungrið, sem að henni gengur — en það getur verið, að sú litla venjist við —"

— og þá þurfum við enga læknisáðöma og enga brjóstmylkta barnföstru og þá eru allar sorgir úti. Gráturinn sá arna lætur ætíð ver í eyrum, en hann í raun og veru er."

Dynar greifi leit til hans einsog í draumi og gekk inn í hina stofuna.

Herbergisþerná látnu greifafurárinna heldur á vikugömlu barni þeirra hjónanna í fangi sínu og reynir til að láta barnið drekka eitthvað sér til lífsbjargar úr flösku. Þar á bak við situr gráherð kona, grætur hástöfum og nýr saman höndunum.

Gustaf Adolf greifi tekur sjálfur barnið á handlegg sér og reynir að láta dálítið af mjólk drjúpa inn um rósöfgru varirnar litlu; en brennandi roða slær á kinnar greifans og handleggurinn, sem á barninu heldur, skelfur eins og hrísla.

Kveinstöfum vesalings barnsins léttir smátt og smátt, augun lokast aftur, ein lág en þung stuna og svo sofnar litli unginn á handlegg föður síns.

Nú fer Dynar greifi að lita eftir vagninum, sem var á ferð eftir föstru handa barninu frá bæ einum, er lá margar mílur frá höllinni.

Varirnar skjálfa, svo er geðhræringin mikil. Hann opnar bók, en lætur hana strax aftur og stynur við.

I sama bili slær klukkan.

Úti í hallarganginum heyrðust fótatök og Edwald gamli kemur inn.

"Herra greifi—"

Greifinn stekkur upp og ætlar að þjóta fram hjá þjóninum.

"Er það vagninn? Er það hann?" spyr hann.

"Nei, náðugi greifi," og Edwald hristi af sorg gamla gráherða kollinn og lætur sem hann vilji aftra greifanum að fara lengra. "Það eru þara fáeinir flökkukindur, sem berja hér að dyrum og biðja um husaskjól í guðs nafni. Það er karlmaður, druslurinn búinn eins og sígaunari, ok kona hans og tvö börn."

Síðan lýtur þjónninn gamli að eyra húsbónda síns og hvíslar: "Eftir öllu útliti að dæma eru það pólskir uppreistarmenn, sem hafa flúið yfir landamærin. Það er með þesskomar fölk eins og tjórna,

það er best að snerta ekki við henni, til þess að gera ekki óhræina á sér fingurna."

I sama bili slær hagblýi á rúðurnar.

Dynar greifi snýr að honum og segir: "Eru börn með, segir þú? Og eg ætti að reka vesalings börn út í ahnað eins heljar-veður og þetta er?"

Um enni gefans fóru nýjar hrukkr, hann bandaði þjóninum frá sér, svo hann gætti gengid einn um ganginn.

En þá gekk svo fram af Edwald gamla, að hann lagði höndina á öxlina á húsbónda sínum og leit til hans með bænarsvip.

"Sleppið þeim ekki inn í höllina, náðugi herra greifi. Þau hafa barn með sér, sem komið er í opinn dauðann. Hver veit úr hverju barnið er að deyja eða hvaða sjúkdóm þau kunna að flytja með sér hingað inn?—Það er nóg pláss fyrir þau í gamla heðhúsinu. Það er svo sem ekki göðu vant, svona fölk."

"Barn að dauða komið," mælti greifinn og stundi þungan við og án þess að eiga lengra viðtal við þjóninn, hratt hann honum til hliðar og gekk fram ganginn og niður stigann.

I stóra hallar-fordyrinu var ung kona, sem dálitla skímu rauðleita bar á frá veggjarlöpunum; hún kraup á kné við fótstall einnar brons-líkneskjunnar og laut niður yfir ung barn; hún reyndi til að nugga ísköldu litlu limina og grátstundi við.

Við hliðina á henni lá karlmaður á hnjúnum, berhöfðaður og með klaka í hári og skeggi. Að ofan var hann búinn skyrtunni einni. Hann reyndi til með andardrættinum að blása yli í litla ungann. Bak við lá hér um bil fjöggra ára piltur sofandi í frakkamyndinni af föður sínum.

Þegar heyrðist til greifans, sneri ókunni maðurinn sér við. Þegar hann sá, hver þar kom að, stökk hann upp, hljóp í örvæntingu á móti hallar húsráðandanum, því hann grunaði að þetta væri hann.

"Er þetta herra greifinn?" spurði hann.

Dynar greifi starði eitt augnablik með undrun á þennan ókunna mann, með náföla örvæntingandlitid og tinnu-hörðu augun, sem það hann á beztu frakknesku um hjálp og líkn.

Gustaf Adolf gekk þar að, er konan lá með barnið og beygði sig niður að barnalíkamanum dauðvona.

"Hvað gengur að barninu?" sagði hann lágt.

"Það er up það leytið að frjósa í hel," kom eins og óp fult sálarkvalar og örvæntingar, frá Pólverjanum. "Gefið þér fáeina dropa af heitri mjólk og eitthvað hlýlegt utan um það. Þá getur verið, að við getum náð aftur blessuðu hróinu litla, sem er að kveðja okkur og heiminn." Svo tók hann grátandi barnið upp og kysti það hvað eftir annað.

Greifinn komst svo við, að svo var sem hnífi væri stungið í hjarta hans. Hann skipaði þjónunum, sem stóðu gapandi kring um sorgarhópinu litla, nokkrum sinnum og í lágun rómi, laut síðan niður, tók sjálfur barnið sofandi á handlegg sér, sneri sér að stiganum og sagði við ókunna fölkid:

"Fylgið mér!"

Létt eins og fjöður lá litla byrðin á handlegg hans. Ofur-smár barnskroppur og naktir smá-handleggir gægdust hér og hvar út úr stórgerðu relluvoðunum, en dökklokkaða höfuðið lá fölnandi, eins og brostið blóm við brjóst eins mikla og volduga ríkisgreifa og Preczna-hallar eiganda.

Gustaf Adolf horfði niður á þetta drengs-andlit, en svo var drengnum kalt, að tennur hans notuðu af hrolli, þrátt fyrir svefninn og draumana.

Hann flýtti sér, sneri aftur til herbergis þess, sem hann hafði farið út úr, og lagði þar byrði sína ofan á mjúka koddana í hægingasessinum. Eins blíðlega og nokkur móðir getur, breiddi hann síliðbreiðuna yfir barnið, strauk hægt og ómerkjanlega vota hárið á enni þess, sneri sér síðan hægt og rólega að hinum ókunnu mönnum, sem höfðu fylgt á eftir honum.

"Edwald!" kallaði hann til hins gamla herbergisþjóns síns, "komdu hingað með eitthvað af fótunum mínum, og segðu konunni þinni að annast um þur kvenklæði."

Edwald flýtti sér burtu aftur, því nú var líka með-aumkun hans vakin. Greifinn kallaði til hans, rétt þegar hann fór: "Þetta fölk verður fyrst að fá þur fót, svo verður að hugsa um mat handa því."

Edwald flýtti sér enn þá meira en fyr burtu þaðan, þar sem greifinn með hjálp Pólverjans og herbergisþjónunnar voru að reyna til að kveikja aftur líf í dauða brjóstbarninu.

En það var árangurslaust. Þetta unga líf hafði ekki getað þolað frostið og storminn og næturöngununa í hörkunni. Nú heyrðist enginn andardráttur úr brjóstinu litla. Nábleikt og kalt hvíldi nú barnið á mjúka koddanum.

Pólska stúlkan hafði lagst örmagna niður við hliðina á káminunni. Með lokuðum augum og örmagna af þreytu og sorg lá hún eins og dauð þarna á ábreiðunni við ofninn svo að ljósið úr káminunni skein á föla andlitid, nábleika og limi hennar örmagna, og á pólska þjóðbúninginn hennar og hrafnsvarta hárið, sem stormurinn hafði leikið um og hríslað í allar áttir.

Búið var um dauða barnið í stofu við hliðina. Herbergisþernan Gústína fór að afklæða ókunnu stúlkuna úr votu fótunum, en Dynar greifi sat yfir litla barninu dauða og gaf drengnum dálítið vatn að drekka.

(Meira).